



## Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Dalabyggð – Urðunarstaður við Laxárdalsveg

### Grein 1.2

Magnheimild og úrgangsflokkar eru í samræmi við starfsleyfisumsókn, skipulagsáætlanir og ákvörðun Skipulagsstofnunar um að starfsemin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### Grein 2.11

Um er að ræða urðunarstað fyrir óvirkan úrgang og því er ekki gerð krafa um starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003.

### Grein 3.2

Ákvæði 1. mgr. eru til að koma í veg fyrir að vatn sitji í botni urðunarreina, þannig að úrgangur liggi ekki í vatni. Fráveituskurður sunnan urðunarstaðarins er þegar fyrir hendi.

Umsækjandi lagði fram áhættumat þar sem fjallað var um þann úrgang sem urðaður verður, uppruna mengunar og aðstæður á staðnum. Urðunarstaðurinn uppfyllir almenn skilyrði Umhverfisstofnunar fyrir urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang sem geta lagt fram áhættumat sem fylgir ekki þeim norsku leiðbeiningum sem stofnunin notast öllu jöfnu við. Skilyrðin eru að urðunarstaðurinn taki við minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og að hann sé ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

### Grein 3.3

Sjá umfjöllun um áhættumat undir umfjöllun um grein 3.2.

### Grein 5.2

Mælingaáætlun kveður á um mælingar í þremur grunnvatnsbrunnum, einum fyrir ofan staðinn sem gefur upplýsingar um bakgrunnsgildi í grunnvatninu og tveimur brunnum fyrir neðan staðinn sem ætlað er að leiða í ljós ef mengun berst frá staðnum. Staðsetningar brunna eru í samræmi við starfsleyfisumsókn. Mæla á grunnvatnshæð tvisvar á ári og samsetningu einu sinni á ári. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn.

Jafnframt kveður mælingaáætlun á um mælingar í læk sem rennur austan við urðunarstaðinn. Taka á sýni á tveimur stöðum úr læknum, annars vegar ofan urðunarstaðarins sem gefur upplýsingar um bakgrunnsgildi í læknum og hins vegar neðan urðunarstaðarins sem ætlað er að leiða í ljós ef mengun berst frá staðnum í lækinn. Staðsetningar sýnatökustaðanna fengust frá umsækjanda. Mæla á rennsli og samsetningu einu sinni á ári. Ef aðstæður á sýnatökustöðunum leyfa ekki mælingu á rennsli er fullnægjandi að meta rennslið sjónrænt. Mæliþættir eru að langmestu leyti þeir sömu og fyrir grunnvatnsmælingarnar.

Dregið er úr kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu í grein 3.2 og munu mælingarnar væntanlega leiða í ljós mengunarálag í gegnum botn og hliðar urðunarstaðarins.

Undanþága frá sigvatnssöfnun er veitt í grein 3.3. Eðli málsins samkvæmt er því ekki gerð krafa um eftirlitsmælingar í sigvatni.

### **Grein 5.3**

Lækurinn sem rennur austan við urðunarstaðinn telst ekki þynningarsvæði og því er miðað við að gæði vatns í honum séu ekki verri neðan urðunarstaðarins en ofan hans. Lækurinn rennur í Laxá í Dölum skammt fyrir neðan urðunarstaðinn og því er einnig mikilvægt að hann beri ekki mengun frá urðunarstaðnum.

### **Grein 6**

Urðun á allt að 500 tonnum á ári af óvirkum úrgangi fellur í 4. eftirlitsflokk skv. d-lið 12. tl. í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 785/1999.

### **Grein 7**

Samkvæmt starfsleyfisumsókn er gert ráð fyrir að urðunarstaðurinn dugi til 12 ára. Gildistími starfsleyfisins er því 12 ár frá útgáfudegi.